



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ráðhús Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfossi

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 2. júní 2021
Tilv.: FRN20120143/10.20.03

Efni: Félags- og barnamálaráðherra óskar eftir tilnefningum í samráðsnefnd um samræmda móttöku flóttafólks.

Félagsmálaráðuneytið vinnur nú að reynsluverkefni um samræmda móttöku flóttafólks en verkefnið er unnið í samræmi við tillögur nefndar um samræmda móttöku flóttafólks sem skilaði tillögum sínum til félags- og barnamálaráðherra í janúar 2019. Í kjölfar þess var skipaður vinnuhópur sem vann meðal annars að endurskoðun greiðslufyrirkomulags ríkis til sveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks í samræmi við tillögur nefndar og var ákveðið að fara í reynsluverkefni um móttöku flóttafólks. Félagsmálaráðuneytið sendi út bréf til allra sveitarfélaga þar sem kannaður var áhugi þeirra á að taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks og hafa viðtökur verið góðar. Í samræmi við tillögu nefndarinnar um samræmda móttöku þá skal setja á stofn samráðsnefnd og er meginhlutverk hennar að brúa bilið á milli stjórnsýslustiga og stofnanna sem koma að málefnum flóttafólks. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir stöðu móttökumála og vera vettvangur til að deila reynslu og þekkingu og fjalla um þau mál sem upp koma í samskiptum stofnana og í þjónustu við einstaklinga. Verkefni samráðsnefndarinnar er að tryggja sem best samræmi og samhæfingu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks.

Í samráðsnefndina er óskað eftir fulltrúum frá Samband íslenskra sveitarfélaga, Útlendingastofnun, Fjölmenningarseturs, Vinnumálastofnun, Rauða krossi Íslands, og frá þeim sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu. Félagsmálaráðuneytið mun eiga fulltrúa í hópnum sem jafnframt verður formaður.

Hér með er óskað eftir tilnefningum frá Sveitarfélaginu Árborg í framangreinda samráðsnefnd. Ekki er gert ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í samráðsnefndinni af hálfu ráðuneytisins.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé þó heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Ráðherra velur úr tilnefningum þannig að kynjaskipting verði sem jöfnust við skipun þeirrar nefndar sem hér um ræðir.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir því að tilnefndir verði tveir einstaklingar, einn karl og ein kona. Ráðherra skipar í samráðsnefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra



Gissur Pétursson



Jenný Steinarsdóttir